

## ÖLÖF ÝRR ATLADÓTTIR, FERÐAMÁLASTJÓRI

Góðan daginn kæru Ferðamálapingsgestir og til hamingju með daginn.

Ferðapjónustan nýtur athygli sem aldrei fyrr. Í haust hefur gengið á með málþingum, þar sem skýrslur erlendra og innlendra sérfræðinga eru kynntar, áherslur lagðar og tillögur settar fram um framtíðarstefnu ferðapjónustunnar og markmið.

Eitt virðist sammerkt þeim sem um þessi mál hafa fjallað – það er árétting á nauðsyn þess að vandað sé til verka við framtíðaruppbyggingu fyrir ferðapjónustu á Íslandi. Þegar kemur að áfangastöðum ferðamanna, hvort heldur þeir eru í þéttbýli eða dreifbýli, skrautgarðar eða hálendisvíðerni, skipta skipulagsmál grundvallarmáli.

Þéttbýliskjarnar landsins hafa notið góðs af skipulagi þar sem horft er til þess að taka við ferðamönnum með sóma, en þegar kemur að náttúruperlum í dreifbýli eða óbyggðum má ekki gleyma að skipulag getur bæði falið í sér forsendu framkvæmda, þ.e. með hvaða hætti skal byggja upp til að taka við auknum fjölda ferðamanna, en að skipulag getur líka lagt grunninn að framkvæmdaleysi í jákvæðri merkingu þess hugtaks, friðun, þ.e. því að taka frá svæði þar sem maðurinn getur notið þess að upplifa kyrrð og athafnaleysi mannsins.

Skilaboðin til ferðapjónustu um skipulagsmál eru tvímælalaust þau að við þurfum að vinna til framtíðar í þessum efnum, í stað þess að vera alltaf í viðbragðsgírnum. En hvernig komumst við í þá stöðu?

Á undanförnum árum hefur sú umræða eflst mjög sem snýr að því að grundvalla uppbyggingu á heildrænni sýn á framtíðarferðamannastaði, þ.e. hugsa frá upphafi hvers kyns upplifun staðnum er ætlað að bjóða upp á. Það var því tilefni til þess að grípa gæsina þegar Skipulagsstofnun óskaði eftir því að



við skoðuðum möguleika á því að halda málþing saman – og það varð fljótlega niðurstaðan að langfarsælast væri að láta Ferðamálaþing 2014 snúast um þetta mikilvæga málefni.

Og afraksturinn er sem sé þessi:

- Umfjöllunarefnið og nálgun þess góða fólks sem unnið hefur að undirbúningi þessa dags hafa skilað sér í því að þetta er langfjöldmennasta ferðamálaþing sem við höfum haldið, **um 330 skráðir**. Þátttakendahópurinn er vel blandaður, kemur úr ferðaþjónustu, skipulags- og hönnunargeiranum, frá sveitarfélögum og háskólasamfélaginu.
- Öll vinna við þetta samvinnuverkefni Ferðamálastofu og Skipulagsstofnunar hefur verið mjög ánægjuleg og báðir aðilar eru reynslunni ríkari - við hjá Ferðamálastofu vitum meira um skipulagsmál og starfsfólk Skipulagsstofnunar hefur fengið innsýn í forsendur ferðaþjónustunnar. Það er vonandi að þetta megi verða upphaf að meiri og öflugri samvinnu þessara aðila og meiri samtvinnun ferðaþjónustu og skipulagsmála.

Á dagskránni í dag eru fjölmörg áhugaverð erindi sem varpa ljósi á þau tækifæri sem slík samþætt sýn getur skapað.

Við munum heyra af landsskipulagi og velta fyrir okkur spurningunni um það með hvaða hætti slík heildræn sýn að skipulag landsins getur nýst ferðaþjónustunni. Vert er að minnast þess í þessu samhengi að fyrir nokkrum árum var unnin á vegum Ferðamálastofu stefna um öryggismál á ferðamannastöðum í góðu samstarfi við Umhverfisstofnun og Slysavarnarfélagið Landsbjörgu. Í þeirri stefnu var landinu skipt í þrjá öryggisflokka eftir aðgengi, nálægð við þjónustu, bjargir og helstu samgönguæðar.

Sú sem hér stendur hefur um hríð alið þann draum að hægt væri að leggja línur með svipuðum hætti þegar kemur að heildarsýn á landsvísu um uppbyggingu þjónustu í byggð og utan byggðar, en slíkt skipulag myndi geta gagnast afar vel við ákvarðanatöku um það t.d. hvers kyns þjónustu ætti að veita á hverjum stað, með hvaða hætti huga ætti að hönnun, taka tillit til náttúruminja og eftir atvikum lágmarka röskun, en ekki síður gæti slíkt heildarskipulag hjálpað til við að innleiða öryggisstefnuna góðu að fullu, eins og

okkur á Ferðamálastofu hefur svo lengi staðið hugur til.

Við munum kynnast viðhorfum sveitarfélaga – bæði höfuðborgarinnar, sem er einn aðaláfangastaður erlendra ferðamanna á Íslandi og svo sveitarfélags sem unnið hefur að því hörðum höndum að skipuleggja sitt nærumhverfi á forsendum ferðaþjónustu og friðunar, m.a. með vinnu að deiliskipulagi Látrabjargs.

Í þeirra erindum birtist mikilvægi þess að sveitarfélög láti sig ferðaþjónustuna varða í skipulagi og stefnumótun, því að bæði er það svo, að það skiptir máli hvernig ferðamenn eru boðnir velkomnir – en ekki síður getur gestaugað verið glöggt og það að setja sig í spor þess sem sækir heim getur skapað nýja sýn á heimahagana, vakið ný hughrif og varpað ljósi á verðmæti sem við kannski sem tökum ekki eftir dags daglega.

Við munum heyra af því hvernig skipulagsmál geta stuðlað að samvinnu ferðaþjónustuaðila innan svæða, skapað sameiginlega sýn á markmið og væntingar og eflt langtímasýn á uppbyggingu atvinnugreinarinnar í héraði.

Við munum heyra sjónarmið þess sem vill landinu vel og að byggt sé upp þannig að ferðamenn dagsins í dags, en ekki síður ferðamenn morgundagsins fái notið þeirra gæða sem landið hefur upp á að bjóða og við munum ræða um það hvaða skilaboð við viljum senda til ferðamanna gegnum ásynd á viðkomustöðum þeirra, með hvaða hætti við viljum sitja við stjórnvölinn þegar kemur að þróun ferðaþjónustunnar og hvernig skipulagsmál geta liðsinnt okkur í mótun þessarar framtíðarsýnar.

Ekki minnsta tilhlökkunarefnið er að fá að kynnast viðhorfum okkar erlendu gesta, þeirra vegna ætla ég núna að skipta yfir á ensku um stund.

Honoured speakers, Julie Scott, Ethan Carr and Eric Holding; it is with great pleasure that I welcome you to this sixth annual forum for Icelandic tourism. Tourism has in the past years been growing in leaps and bounds here in Iceland, and although that is in it self a positive development, not least since early indicators give rise to optimism concerning a decrease in the heavy seasonality that skew possibilities for return on investment, such rapid growth is not



without pains, and Icelandic stakeholders realize that we need to be equal to rising challenges if we want to see Icelandic tourism develop in a long-term, sustainable way.

It will therefore be exciting to hear Ms. Scott's insights on long-term planning in tourism destinations, obtain wisdom from Mr. Carr's lessons from U.S. national parks and gain backbone from Mr. Holding's revelations on the hard choices necessary for planning for sustainable tourism. I thank you so much, on behalf of the organizers, for agreeing to give us a chance to gain from your knowledge.

Mig langar svona í lokin að þakka þeim kærlega fyrir, sem að þessu þingi standa fyrir hönd Ferðamálastofu og Skipulagsstofnunar. Okkar megin sátu undir árum Sigrún Hlín Sigurðardóttir og Alda Þrastardóttir, en af hálfu Skipulagsstofnunar þau Einar Jónsson, Rut Kristinsdóttir og Inga Dagfinnsdóttir. Það má svo sannarlega greina af dagskránni í dag að þeim hefur svo sannarlega tekist að róa í sömu átt.

Fyrir hönd Ferðamálastofu – og Skipulagsstofnunar - býð ég ykkur til þessarar dagskrár og trúi því að við eigum öll eftir að fá fylli okkar af því hlaðborði sem okkur er boðið upp á hér.

Ég býð ykkur að gjöra svo vel.

